

## 1. Almenn:

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (áður Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal, kt. 500169-4359), í Hjaltadal, 551 Sauðárkróki, hafa verið með 20 tonna rekstrarleyfi (IS-36057) fyrir klak-, seiða- og áframeldi á bleikju í landeldisstöð sinni í Bleikjukynbótastöðinni á Hólum. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 17. janúar 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í Hjaltadalsá. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að ristar eru í öllum kerjum og svo er rist fyrir opi í seinni settjörnninni. Í affallsskurði frá seinni settjörnninni er verið að setja upp gildru ef yfirfall yrði á tjörnninni.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 25. september til 23. október 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögsmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Rekstrarleyfið heimilur hámarkslífmassa 20 tonn til klak-, seiða- og áframeldi á bleikju í Bleikjukynbótastöðinni á Hólum í Hjaltadal.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og gildir til 10. ágúst 2032. Rekstrarleyfið gildir til 10. febrúar 2037.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1155) kemur það í stað rekstrarleyfis Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal til 20 tonna klak-, seiða- og áframeldis á bleikju (FE-1050/IS-36057)

Selfossi, 12. febrúar 2021